

REGLUR

um sanngirnibætur.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sanngirnibætur á grundvelli laga nr. 47/2010 til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum þar sem fötluð börn voru í sólarhringsvistun. Réttur til bóta takmarkast við þær stofnanir sem voru starfræktar á vegum hins opinbera til 1. febrúar 1993.

2. gr.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra fer með þau verkefni sem sýslumanni eru falin í lögum nr. 47/2010.

3. gr.

Sýslumaður gefur út innköllun krafna. Með innköllun skorar sýslumaður á þá sem dvöldu á stofnunum sem löggin taka til og telja sig eiga rétt á bótum til að gefa sig fram og lýsa kröfum sínum.

Innköllun krafna skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði, svo og tvívegis í útbreiddu dagblaði. Sýslumanni er heimilt að birta innköllun að auki á vefsíðu sýslumanna og fjölmiðla ef hann telur slíkt æskilegt. Á milli birtinga skulu líða hið minnsta 14 dagar.

Í innköllunum skal koma fram að allar kröfur skuli berast sýslumanninum á Norðurlandi eystra innan þriggja mánaða frá birtingu síðari innköllunar í Lögbirtingablaðinu.

4. gr.

Sýslumaður lætur í té sérstakt eyðublað sem bótakröfu skal skilað á. Þar skal umsækjandi um greiðslu bóta gera grein fyrir nafni sínu og kennitölu, gefa upplýsingar um hvar hann var vistmaður og á hvaða tíma, ásamt því að tilgreina í hverju ill meðferð eða ofbeldi gegn honum var fólgin. Skal umsækjandi gera grein fyrir persónulegum högum sínum fyrir og eftir vistun til nánari skýringar á afleiðingum misgjörða. Umsækjanda er heimilt að leggja að auki fram þau gögn sem hann kys og sýslumaður telur að geti skipt máli fyrir meðferð bótakröfu, þ. á m. greinargerð til nánari skýringar.

Á eyðublaðinu skal umsækjanda gert kleift að veita sýslumanni heimild til aðgangs að þeim gögnum sem kunna að vera til staðar og skýrt geta málsatvik frekar, þ.m.t. gögn sem kunna að vera til staðar hjá opinberum aðilum og varða dvöl umsækjanda á viðkomandi stofnun. Veiti umsækjandi sýslumanni ekki þessar heimildir fær sýslumaður ekki aðgang að gögnumum.

Umsækjandi skal undirrita eyðublaðið með eigin hendi eftir því sem unnt er.

Geti umsækjandi ekki veitt sjálfur þær upplýsingar sem getið er að framan, getur annar maður sem þekkir vel til umsækjanda gert það fyrir hans hönd. Við þær aðstæður skal viðkomandi undirrita í viðurvist tveggja votta, tengiliðar eða réttindagæslumanns fatlaðs fólks sérstaka yfirlýsingu sem sýslumaður lætur í té til staðfestingar á því að hann gæti hagsmuna umsækjanda við meðferð málsins.

Hafi umsækjandi um greiðslu bóta verið vistaður á fleiri en einni stofnun sem falla undir lög nr. 47/2010, skal hann lýsa kröfum sínum í einu lagi vegna dvalar á stofnunum.

5. gr.

Að loknum kröfulýsingarfresti skv. 3. gr. yfirfer sýslumaður þær kröfur sem borist hafa og þau gögn sem fyrir hendi eru. Sýslumaður skal afla staðfestingar hjá viðeigandi aðilum um að umsækjandi hafi dvalið á þeirri stofnun sem um ræðir á þeim tíma sem tilgreindur er á umsóknareyðublaði.

Sýslumanni er ekki skylt að taka skýrslu af þeim sem kröfu gerir, en honum er það heimilt ef hann telur það varpa ljósi á málið og umsækjandi um greiðslu bóta samþykkir að veita skýrsluna. Þá er sýslumanni jafnframt heimilt að fela tengiliði stofnana fyrir fötluð börn að taka skýrslu af umsækjanda og öðrum sem málið varðar. Skýrslu má gefa í síma eða um fjarfundabúnað ef slíkt þykir henta.

6. gr.

Sýslumaður tekur afstöðu til fyrirbyggjandi krafna á grundvelli þeirra gagna sem fyrir hendi eru. Telji sýslumaður líkur til þess að umsækjandi um greiðslu bóta hafi sætt ofbeldi eða illri meðferð meðan hann dvaldi á stofnun sem lög nr. 47/2010 taka til og það hafi haft varanlegar neikvæðar afleiðingar fyrir hann, þ.e. líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar, telst skilyrðum til greiðslu bóta fullnægt.

7. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð bóta skal sýslumaður eftir því sem unnt er taka mið af almennri réttarframkvæmd í skaðabótamálum og dómafordæmum í málum sem geta á einn eða annan hátt talist sambærileg. Bætur skulu taka mið af:

- a. alvarleika misgjörða, eins og til dæmis hvort um hafi verið að ræða gróft líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Við mat á alvarleika skal hafa til hliðsjónar lengd vistunartíma og annarra atriða sem kunna að hafa gert dvölinu þungbæra,
- b. alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar fyrir vistmann. Afleiðingar skulu metnar eftir missi tækifæra í lífinu, tapi lífsgæða og andlegra afleiðinga misgjörðanna.

Hafi umsækjandi verið vistaður á fleiri en einni stofnun sem falla undir lög nr. 47/2010 og sótt um bætur vegna þeirra vistana, skal sýslumaður við ákvörðun fjárhæðar bóta líta heildstætt til framangreindra þátta og ákvarða bætur í einu lagi.

Bætur til einstaklings skulu aldrei vera hærri en 6 millj. kr., óháð fjölda stofnana sem umsækjandi var vistaður á.

8. gr.

Telji sýslumaður skilyrði til greiðslu bóta uppfyllt, að hluta eða að öllu leyti, skal hann gera umsækjanda um greiðslu bóta skriflegt og bindandi sáttaboð. Hafi umsækjandi verið vistaður á fleiri en einni stofnun sem falla undir lög nr. 47/2010, skal sáttaboð bera með sér til hvaða stofnunar það tekur. Sýslumaður skal líta heildstætt á málið og ákveða bætur í einu lagi, innan þeirra marka sem lög nr. 47/2010 mæla fyrir um.

Sýslumanni er óskýlt að rökstyðja sáttaboðið. Telji sýslumaður skilyrði til greiðslu bóta ekki uppfyllt, að hluta eða að öllu leyti, skal hann synja kröfunni skriflega og rökstyðja þá ákvörðun sína. Hafi umsækjandi verið vistaður á fleiri en einni stofnun skal ákvörðun sýslumanns bera með sér til hvaða stofnunar synjunin tekur.

Sáttaboð og synjun kröfu skal sent umsækjanda með sannanlegum og viðurkenndum hætti. Hafi umsækjandi notið aðstoðar annars manns við meðferð bótakröfu, skal sýslumaður senda hlutaðeigandi afrit af sáttaboði eða synjun kröfu með sannanlegum og viðurkenndum hætti.

9. gr.

Umsækjandi skal taka afstöðu til sáttaboðs innan 30 daga frá móttöku þess. Verði sáttaboði ekki tekið innan þess frests, telst því hafa verið hafnað. Taki umsækjandi boðinu áritar hann eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd það með nafni sínu í viðurvist tveggja votta, tengiliðar stofnana fyrir fötluð börn eða réttindagæslumanns fatlaðs fólks og sendir það sýslumanni eða tengiliði. Taki hann sáttaboði telst hann hafa afsalað sér frekari kröfum á hendur ríki og eftir atvikum sveitarfélögum vegna vistunar á viðkomandi stofnun.

10. gr.

Hafni vistmaður sáttaboði sýslumanns eða hafi sýslumaður synjað kröfu hans um bætur, getur hann innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs sýslumanns um sáttaboð eða synjun kröfu um bætur lagt mál sitt fyrir úrskurðarnefnd um sanngirnissætur. Erindi um úrlausn úrskurðarnefndar skal vera skriflegt og beint til sýslumannsins á Norðurlandi eystra. Erindið telst hafa borist úrskurðarnefndinni þegar það berst sýslumanni eða tengiliði stofnana fyrir fötluð börn. Berist úrskurðarnefndinni ekki erindi innan þess frests telst niðurstaða sýslumanns endanleg niðurstaða málsins.

11. gr.

Í erindi til úrskurðarnefndarinnar skal greina helstu rök fyrir því að niðurstöðu sýslumanns verði ekki unað. Nefndin getur kallað umsækjanda til viðtals eða aðra sem varpað geta skýru ljósi á málið. Þá getur nefndin sömuleiðis leitað eftir afstöðu sýslumanns til kröfunnar.

Telji úrskurðarnefndin þörf á að afla frekari gagna er varpað geta ljósi á málið og eru í vörslu opinberra aðila skal hún afla heimildar umsækjanda fyrir því. Skal kostnaðurinn sem hlýst af því greiddur úr ríkissjóði.

Úrskurðarnefndinni er heimilt með samþykki umsækjanda að afla læknisfræðilegra gagna um heilsufar hans ef telja má að gögnin skipti sérstöku máli við úrlausn nefndarinnar. Skal kostnaður sem hlýst af því greiddur úr ríkissjóði.

Ef umsækjandi um greiðslu bóta telur að gögn sem liggja fyrir um rétt hans til sanngirnibóta séu ófullnægjandi, eða hann óskar af öðrum ástæðum eftir því að fá að tjá sig nánar um atriði sem gögnin taka til, skal úrskurðarnefndin heimila honum að leggja fram skriflega greinargerð.

12. gr.

Úrskurðarnefndin skal meta framkomnar upplýsingar heildstætt og úrskurða um kröfu umsækjanda á grundvelli þeirra. Niðurstaða úrskurðarnefndar skal vera rökstudd og send umsækjanda með sannanlegum og viðurkenndum hætti. Hafi umsækjandi notið aðstoðar annars manns við meðferð bótakröfu, skal úrskurðarnefnd senda hlutaðeigandi afrit af niðurstöðunni með sannanlegum og viðurkenndum hætti. Úrskurðarnefndin skal tilkynna sýslumanni um niðurstöðu úrskurðar.

13. gr.

Hafi skilyrðum bótaréttar verið uppfyllt og umsækjandi notið aðstoðar lögmanns við gerð kröfu og aðra ráðgjöf vegna meðferðar bótakröfu fyrir úrskurðarnefndinni, er nefndinni heimilt að úrskurða um greiðslu kostnaðar samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu lögmanns. Þóknunin skal þó að jafnaði ekki vera hærri en nemur kr. 220.000 að meðtöldum virðisaukaskatti.

14. gr.

Hafi tjónþoli lýst kröfu skv. 5. gr. laga nr. 47/2010 en fallið frá áður en niðurstaða sýslumanns eða úrskurðarnefndar liggur fyrir, erfist krafan í samræmi við erfðalög. Sýslumanninum á Norðurlandi eystra ber að tilkynna þeim sýslumanni sem skipti dánarbúsins eiga undir um meðferð kröfu tjónþola og hlutast til um að hagsmuna erfingja verði gætt við meðferð málsins. Sýslumanni og úrskurðarnefnd er heimilt að víkja frá þeim tímafresti sem mælt er fyrir um í 9. gr. þessara reglna og veita erfingjum aukið svigrúm til að taka við máli tjónþola ef þörf krefur.

Hafi tjónþoli fallið frá áður en honum var unnt að lýsa kröfu um bætur, erfist krafan til eftirlifandi barna sem geta hvert um sig eða sameiginlega fylgt henni eftir. Ef framsetning kröfu er ágreiningslaus á milli barna skal sýslumaður gera þeim sameiginlegt sáttaboð. Rísi ágreiningur milli barna um framsetningu kröfunnar skal sýslumaður senda þeim öllum sáttaboð, þar sem boði um bætur er skipt hlutfallslega eftir fjölda barna sem standa að kröfunni. Ef hluti barnanna hafnar sáttaboði sýslumanns frestast útgreiðsla bóta þar til endanleg niðurstaða málsins liggur fyrir, hvort sem hluti barna ákveður að leggja mál sitt fyrir úrskurðarnefndina eður ei. Berist úrskurðarnefndinni ekki erindi frá þeim hluta barna sem hafnar sáttaboði sýslumanns innan frestsins skv. 10. gr. reglnanna, eru bæturnar greiddar út til annarra barna að liðnum 30 dögum.

Ákveði hluti barna að bera málið undir úrskurðarnefnd, frestast útgreiðsla bóta til allra þar til niðurstaða úrskurðarnefndar liggur fyrir. Úrskurðarnefnd kveður upp einn úrskurð í málinu og skal úrskurða bætur hlutfallslega eftir fjölda barna sem stóðu að umsókn um sanngirnibætur.

Um aðgang sýslumanns og úrskurðarnefndar að gögnum í vörslu stjórnvalda varðandi kröfu samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum 4. og 11. gr. þessara reglna.

15. gr.

Gjalddagi bóta er 30 dögum eftir að sýslumanni berst skriflegt samþykki við sáttaboði eða úrskurður úrskurðarnefndarinnar er kveðinn upp. Hafi hluti barna hafnað sáttaboði sýslumanns og

Nr. 1080

23. september 2021

ákveðið að leggja málið fyrir úrskurðarnefndina, frestast útgreiðsla bóta til allra barna þar til niðurstaða úrskurðarnefndar liggur fyrir. Bætur skulu greiddar út í einu lagi.

16. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 47/2010, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 345/2011 um sanngirnisbætur.

Dómsmálaráðuneytinu, 23. september 2021.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 29. september 2021